

og treystir þá því, að hún muni góðfúslega láta liðsinni sitt í tæ í þessu máli.

1860.
18. apríl.

17. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um fjárhagslöginn fyrir árið 1860. 19. apríl.

Með bréfi þessu sendum vèr yður, herra stiptamtmaður, eitt exemplar af fjárhagslögnum fyrir árið 1860, dagsett 31. í fyrra mánuði, ásamt athugasemdum við frumvarp laga þessara. Vèr sendum og eptirrit af aukafylgiskjali, er hér að lýtur, að svo miklu leyti sem Ísland snertir.

Vèr getum nú í þetta sinn yfirhöfuð að tala vísað til þess, sem við sama tækifæri var tekið fram í bréfi stjórnarinnar 15. apríl 1851, nefnilega:

að öll laun og tekjur embættismanna og embættisþjóna, sem færð eru til í fjárhagslögum hvers árs, skal borga hlutaðeigendum eptir þeirri upphæð, sem til er tekin fyrir hvern þeirra, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í Opnu bréfi 31. maí 1855, 1. gr., án þess nokkra sérstaklega skipun þurfi að gjöra um borgunina, og án nokkurs tillits til þess, hvort launin í fjárhagslögnum eru hærra eða lægra reiknuð en áður;

að þegar embættismenn á Íslandi framvegis vilja fá laun sín borguð úr ríkisfèhirzlunni, verður að eins þeim hluta launanna ávísað, sem í hvert skipti er kominn í gjalddaga, þá er embættismaðurinn æskti borgunariunar.

Landfógeti verður og ávallt að rita á launaávisanir þessar, að hann hafi sæð þær og bókað. —

Vèr biðjum yður, herra stiptamtmaður, að láta hlutaðeigendur vita það, sem þeir þurfa, í þessu efni; vèr höfum og í dag skrifað landfógetanum um þetta, og amtmennirnir á Íslandi hafa einnig fengið vitneskju um það, svo þeir geti birt það embættismönnum í sínum ömtum.

Í fjáraukalögum 29. des. 1857 voru veittir 4000 rd. sem lán vegna fjársýkinnar, sem þá gekk í suðuramtinu. Svo

1860.
19. apríl. Svo sjá megi, hvornig fè þetta skuli gjalda, bendum vèr á athugasgreinirnar við 4. grein 4. tölulíð fjárhagslaganna, og er þess þar getið, að það af skuldinni, sem greiða á þetta fjárhagsár, sè að öllu rentulaust.

20. apríl. **18. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um höfnina í Reykjavík.**

Með bréfi 26. októberm. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað uppástungu, er Koch kaupræðismaður hafði sent hafnarnefndinni í Reykjavík, um að búa þar til bryggju til að lenda við; hafið þèr samkvæmt álitsskjali því, er þèr höfðuð fengið um uppástungu þessa frá verzlunarmönnum í bænum, skýlaust ráðið frá að fallast á uppástunguna; þar á móti hafið þèr enn á ný fastlega mælt með, að bænum væri útvegaður úr ríkissjóði nægilegur fjárstyrkur til þess, að búin yrði til innilokað skipalega, á þann hátt, er þèr hafið áður stungið upp á í bréfi 14. nóvemberm. 1857; en ef svo færi, að slíkur styrkur eigi gæti fengizt, hafið þèr ráðið til, að búin væri til hentug bátabryggja, sem þèr hèlðuð eigi mundi kosta meira en hèrumbil 5000 rdl.

Um þetta efni er yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar, að dómsmálastjórnin ekki sèr sèr fært að fallast á uppástungu Kochs, kaupræðismanns, þá er að otan er nefnd, nè heldur uppástungu þá er gjörð var árið 1857; og skal þess enn fremur getið um hina síðar nefndu uppástungu, að eptir áætlun, sem Fischer forsmiður (Civilingenieur) hefur síðar gjört, yrði kostnaður sá, sem þurfa mundi til að búa til innilokaða skipalegu, verða hèrumbil 50000 rdl. En hvað snertir bátabryggju þá, sem um er getið í bréfi yðar, þá getur stjórnin ekki sagt neitt um það efni, fyr en búið er að fá um það álitsskjal hafnarnefndarinnar; svo verður og að útvega álitsskjal nefndar þessarar viðvíkjandi því, sem stungið var upp á í áður nefndu bréfi stiptamtsins 14. nóvemberm. 1857, áður en nokkuð verður gjört í því efni.